

Ráðstefnufréttir



Lífslexía frá spámanningnum



Nelson forseti varð 99 ára á þessu ári! Í ræðunni sinni miðlaði hann nokkrum þeirra lexía sem honum lærðist á næstum 100 ára æviskeiði. Farið á bls. 2 til að lesa það sem hann kenndi.



„Fagnaðarerindi Jesú Krists er áætlun sem sýnir hvernig við getum orðið að því sem himneskur faðir vill að við verðum.“

Dallin H. Oaks forseti, fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsetisráðinu



„Jesús er Kristur. Hann er frelsari okkar, lausnari okkar. Hann er besti vinur okkar.“

Boyd K. Packer forseti, starfandi forseti Tólfpostulasveitarinnar



„Vegna Jesú Krists getur allt verið í lagi.“

Systir Amy A. Wright, fyrsti ráðgjafi í aðalforsætisráði Barnafélagsins

Tíund og fórnir

Á ráðstefnunni lærðum við nokkuð af því hvernig kirkjan notar tíundar- og gjafafé til að blessa fólk um allan heim!

- Á síðasta ári var **1 milljarði** bandaríkjadollara varið til að blessa nauðstadda.
- Að auki var **54 milljónum** bandaríkjadollara varið til að hjálpa nauðstöddum mæðrum og börnum.
- Tíund var notuð til að styðja fleiri en **71.000** trúboða sem þjónuðu í **414** trúboðum.
- Tíund var líka notuð til að hjálpa við starfssemi **30.000** safnaða í **195** löndum og svæðum.



Horft á aðalráðstefnu víða um heim



Vegna tímamismunarins horfum við á morgunhluta ráðstefnunnar á kvöldin. Við vorum eftirvæntingarfull þegar Nelson forseti tilkynnti um nýju musterin! **Sofia D., 11 ára, Bratislava-héraði, Slóvakíu**



Að horfa á ráðstefnuna fékk mig til að vilja vera nálægt Jesú Kristi. Hann er góði hirðirinn og honum er annþ um okkur, sauðina sína. Stundum villumst við svolítið langt frá, en hann kemur alltaf til að leita að okkur. **Efrain C., 9 ára, San Juan héraði, Argentínu**



Við undirbúum okkur fyrir ráðstefnuna með því að fara og kaupa góðgæti og hvíla okkur svo við sofnum ekki á miðri ráðstefnu. Við biðjum saman sem fjölskylda um skilning og lesur ritningarnar. Mér finnst alltaf gaman að hlusta á lifandi spámann og heyra orð Guðs. **Runakorwashe S., 7 ára, Southern Region, Malavíu**

20 musterir!

Það voru 20 ný musterir tilkynnt á ráðstefnunni! Notið kort til að finna hverja nýja musterisstaðsetningu. Litið svæðin í musterisútlínunni þegar þið finnið hvern staðanna.

